

2. september 2021.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ – Verklagsreglur um skólavist hafnfirskra grunnskólabarna, mál 1806328

Þetta minnisblað er kynning á drögum á reglum um skólavist barna í grunnskólum Hafnarfjarðar en eiga lögheimili annars staðar en í Hafnarfirði, sem lögð eru fyrir fræðsluráð undir þessu málnúmeri. Áður hafa verið samþykktar skólavistarreglur í grunnskólum Hafnarfjarðar vegna barna sem hafa lögheimili í Hafnarfirði. Regludrögin er lögð fram til að hafa formlega framkvæmd á máli sem þegar er til staðar, þ.e. börn fara í grunnskóla á Íslandi þvert á lögheimilissveitarfélag (og eins og er virðast fleiri börn frá Hafnarfirði fara í önnur sveitarfélög en frá öðrum sveitarfélögum í Hafnarfjörð þótt slíkt sé ekki tekið saman reglulega, enn sem komið er alla vega). Hafnarfjörður hefur ekki formlega samþykkt slíkar reglur og því eru þær lagðar fram til formlegrar samþykktar þar sem kröfur aukast stöðugt um formlegar skráningar í opinberar reglur á því sem hefur viðhafist í óformlegum vinnubrögðum í einstaka sveitarfélögum.

Þessu til viðbótar, þ.e. regludrögunum, er lagt til að Hafnarfjarðarbær gefi út formlega gjaldskrá vegna skólavistar barna úr öðrum sveitarfélögum í grunnskólum sínum en sveitarfélög eru að gera það í auknum mæli (t.d. Kópavogur) en vel þekkt er að sérskólar gefi út eigin gjaldskrá (t.d. Klettaskóli). Almenn gjaldskrá hefur verið gefin út fyrir Hafnarfjörð en það er aukin þörf fyrir hana núna. Það er almenn gjaldskrá til frá Sambandinu en nú er skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs að leggja til gjald vegna aukakostnaðar sem sveitarfélög eru farin að leggja á í auknum mæli (þannig fær skrifstofan hér gjarnan erindi um slíkt vegna barna úr Hafnarfirði sem fara í fóstur út á land og sækja skóla þar). Tilgangur gjaldskrárinnar með viðbótarkostnaði er til að mæta sérstuðningi við börn sem hafa sérþarfir og við sjáum að slíkt erindi aukast jafnt og þétt. Því teljum við kominn tíma á að Hafnarfjörður setji sér sérstaka gjaldskrá hér, til viðbótar við þá almennu sem komin er frá Sambandinu og Hafnarfjörður nýtir líkt og önnur sveitarfélög. Gjaldskráin miðar við kostnað af viðkomandi þjónustu, þ.e. út frá launakostnaði vegna kennslu, stuðningsþjónustu og ráðgjöf án þess þó að skilgreina húsnæðiskostnað. Gjald fyrir aðgang að sérdeild miðast einnig við kostnað og er um helmingur að því sem er kostnaður við barn í sérskóla á Íslandi.

Þetta minnisblað tengist einnig öðru minnisblaði fyrir fræðsluráð, um gjaldskrá Hafnarfjarðar-kaupstaðar í tengslum við fjárhagsáætlun (málsnr. í OS 2001456). Þar kemur fram nákvæmlega hverjar þær upphæðir eru sem lagt er til í reglunum að þurfi að vera gjaldskrá fyrir.

Virðingarfyllt,
Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla